

Afbrot á Íslandi

Bókarhöfundur: Helgi Gunnlaugsson

Bókarheiti: Afbrot á Íslandi

Gagnrýnandi: Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Reykjavík 2008, 213 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Skort hefur á upplýsta umræðu um refsingar og afbrot í íslensku samfélagi, sú umræða þarf að vera laus við fordóma og æsing. Bók þessi sameinar vandaða fræðimennsku og auðskilinn boðskap. Hún er kærkominn fengur fyrir alla þá sem kenna félags- og afbrotafræði ... [og] ætti að vera skyldunámsefni bæði hjá verðandi lögregluþjónum og fangavörðum."*

AFBROT OG REFSINGAR Í ÞJÓDFÉLAGSUMRÆÐUNNI

Prófessor Helgi Gunnlaugsson er löngu orðinn þekktur fyrir skrif sín um afbrot og refsingar og eftir hann liggur fjöldi verka á sviði afbrotafræði. Hann telst ekki í hópi þeirra fræðimanna sem loka sig af með kenningar sínar heldur hefur hann tekið virkan þátt í opinberri umræðu og oft hafa fjölmiðlar leitað í smíðju hans til þess að fá sjónarmið afbrotafræðingsins, enda ekki vanþörf á.

Það sem einkennir Helga er það sama og það sem einkennir góðan kennara, og fræðimann þ.e.a.s. hann hefur lag á því að setja hlutina fram þannig að auðvelt er fyrir tilheyrendur og lesendur að skilja við hvað er átt. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að umræðan um afbrot og refsingar er á oft á tíðum einsleit, full af rangfærslum og æsifröttum. Hitt er líka staðreynd að lítið hefur verið til af aðgengilegu íslensku efni í þessum málaflokki.

"Afbrot á Íslandi" er byggð upp á svipaðan hátt og bókin "Afbrot og Íslendingar" sem kom út á árinu 2000 og er í raun framhald af henni. Hér er fjallað á fræðilegan hátt um fíkniefni og baráttuna gegn þeim, allt frá bjórbanninu sáluga og til refsikröfu nútímans gagnvart ólöglegum fíkniefnum.

Í ljósi þeirra atburða sem gerst hafa í efnahagsmálum Íslendinga á haustmánuðum 2008 er ekki síður athyglisvert að lesa kaflann um afbrot hinna efnameiri og gráa svæðið í viðskiptalífínu. Öryggiskennd borgaranna, vændi og ofbeldi er einnig gerð góð skil. Allar greinar í bókinni styðjast við eldri og yngri rannsóknir á sviði afbrota og félagsfræði og eru sumar þeirra unnar í nánú samstarfi við aðra fræðimenn og ber þar helst að nefna Rannveigu Þórisdóttur félagsfræðing hjá lögreglustjóranum í Reykjavík.

Samanburðarrannsóknir í afbrotafræði eru alltaf athyglisverðar en vandmeðfarnar þegar kemur að túlkun niðurstaðna. Í bókinni er Íslandi stillt upp á meðal margfalt stærra þjóða og lítið á brotatíðni og ítrekunartíðni hérlendis í evrópsku ljósi. Maður áttar sig líka fljótt á því við lestur bókarinnar að Helgi hefur góð tengsl við fræðimenn á sviði afbrotafræði bæði á noðurlöndunum og vestanhafs.

Umfjöllun fjölmiðla, blaðagreinar og viðtöl vilja stundum falla í gleymiskunnar dá. Því er vel til fallið að í síðasta kafla bókarinnar skuli vera safnað saman hluta af því sem frá Helga hefur komið í umræðunni hér á landi. Þar kemur glögg fram að Ísland er engin paradís í afbrotamálum og sjálfsagt er slíkt samfélag ekki til. Afbrot eru hins vegar afstæð í tíma og rúmi og stundum er sagt að hvert samfélag fái þau afbrot sem það á skilið.

Afbrotafræðin sem fræðigrein hefur ávallt verið gagnrýnin á fyrirkomulag refsinga. Það skín líka í gegn við lestur bókarinnar að höfundur telur að formlegt taumhald og hertar refsingar almennt dugi skammt til þess að sporna við glæpum. Huga þurfi að löggjöf og jafnvel nýjum refsileiðum í þessu sambandi.

Sagt hefur verið að fangelsi séu dýr leið til þess að gera vonda menn verri. Ekki skal alhæft um það hér en hitt er víst að hlutfallslega eru mun færri fangar hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Þó eru blikur á lofti og refsingar hafa almennt þyngst á síðust árum.

Skort hefur á upplýsta umræðu um refsingar og afbrot í íslensku samfélagi, sú umræða þarf að vera laus við fordóma og æsing. Bók þessi sameinar vandaða fræðimennsku og auðskilinn boðskap. Almennt er sagt að menn skuli almennt ganga hægt um gleðinnar dyr það á ekki síður við um dyr

refsigleðinnar. Einnig ber að huga að því að oft er fórnarlamb dagsins í dag afbrotamaður morgundagsins og lögbrot sem framin eru á okkar dögum verða jafnvel venjur og siðir framtíðarinnar.

Bókin Afbrot á Íslandi er kærkominn fengur fyrir alla þá sem kenna félags- og afbrotafræði í framhaldsskólum landsins. Hún ætti að vera skyldunámsefni bæði hjá verðandi lögregluþjónum og fangavörðum.